

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 02/2026

Reykjavík, 09.01.2026

Málsnúmer: HER-202601-5804

Efni

Danól, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur stöðvað sölu og innkallað frá neytendum **NAN þurrmjólk** fyrir ungbörn, vörumerki **Nestlé**.

Ástæða innköllunar

Hráefni sem notað er við framleiðslu þurrmjólkurinnar getur innihaldið aðskotaefni.

Upplýsingar um vörur sem innköllunin einskorðast við

Vörumerki: Nestlé
Vöruheiti: NAN Expert Pro HA 1
Lotunúmer: 51690742F4
Best fyrir dagsetning: 30.06.2027

Vörumerki: Nestlé
Vöruheiti: NAN Pro 1
Lotunúmer: 51180346AC
Best fyrir dagsetning: 30.04.2027

Vörumerki: Nestlé
Vöruheiti: NAN Pro 1
Lotunúmer: 51250346AC
Best fyrir dagsetning: 31.05.2027

Heiti og heimilisfang fyrirtækis sem innkallar vöru

Danól, Fosshálsi 25, 110 Reykjavík.

Dreifing (verslanir)

Verslanir Hagkaupa og Bónuss, Costco, Lyfjaval Vesturlandsvegi, verslanir Krónunnar, verslanir Samkaupa, Mój Market Nóatúni, Mini Market Smiðjuvegi, Bjarnabúð, Kaupfélag Vestur Húnavetninga, ýmis apótek.

Leiðbeiningar til neytenda

Neytendur sem hafa keypt umræddar vörur eru beðnir um að hætta notkun þeirra og farga en einnig má skila þeim í verslununum þar sem þær voru keyptar. Ef einhverjar spurningar vakna eða fyrir nánari upplýsingar vinsamlega hafið samband við Danól; danol[hja]danol.is, sími 595 8000.

Mynd(-ir)

